

Námsáætlun fyrir efnafræði á náttúrufræðibraut 4. bekkjar

Kennslubók

Essentials of Chemistry, The Central Science. Twelfth Edition. Customised Icelandic Edition, volume one.

Teknir verða fyrir kaflar 1 – 4.

Kennsluhættir

sex bóklegar kennslustundir eru á viku í heimastofu bekkjarins.

Notaðar eru kennslubækur sem nemandinn á að lesa og vinna verkefni úr og auk þess er notað viðbótarefni sem kennarinn dreifir eða vísar í á vef.

Kennarinn fer yfir námsefnið með spurningum og umræðum við nemendur. Nemendur eiga að kynna sér námsefnið fyrir hvern tíma þannig að þeir geti svarað spurningum og rætt um þau viðfangsefni sem verið er að fjalla um, einnig eiga þeir að leysa verkefni sem kennarinn setur fyrir.

Námsmat

Byggir á markmiðum námsins sem felur m.a. í sér mat á vinnubrögðum og færni sem kennarinn metur stöðugt hjá nemandanum. Kaflapróf verða þrjú. Lokapróf veður haldið um jól / vor.

Námseinkunn er gefin eftir frammistöðu nemenda í skriflegum æfingum, almennri frammistöðu og virkni í tímum og vinnu við skilaverkefni sem og önnur verkefni.

Skriflegar æfingar vega 75%, skilaverkefni, önnur verkefni og mat kennarans vega 25%.

Kennari áskilur sér allan rétt til að breyta námsáætlun ef þurfa þykir.